

Nefndasvið Alþingis
Hildur Njarðvík, nefndarritari
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík.

Reykjavík, 27. nóvember 2001.

Umsögn laganeftdar LMFÍ um tillögu til þingsályktunar um heildarendurskoðun á lögum um landsdóm 127. löggjafarþing 2000–2001, þskj. 12 - 12. mál, og um um heildarendurskoðun á lögum um ráðherraábyrgð 127. löggjafarþing 2000–2001. Þskj. 15 - 15. mál

Laganefnd Lögmannafélags Íslands hefur fjallað um ofangreindar þingsályktunartilögur. Nefndin taldi heppilegt að fjalla um þessar tillögur sameiginlega og lætur í té eftirfarandi umsögn um þær:

Flutningsmenn fyrrnefndu tillögunnar telja nauðsyn bera til að heildarendurskoðun fari fram á lögum um landsdóm nr. 3/1963. Laganefnd LMFÍ er sammála því viðhorfi flutningsmanna að lög nr. 3/1963 samrýmist illa gildandi réttarfarslöggið í landinu og að ástæða sé til að endurskoða þau.

Laganefnd telur þá aðferð við endurskoðun laganna sem ráðgerð er í tillögunni ekki alls kostar heppilega. Hefur nefndin t. d. efasemdir um að heppilegt sé að skipa nefnd til slíkrar endurskoðunar með þeim hætti sem tillagan gerir ráð fyrir og gefa henni fyrirfram skilaboð um það hverjar niðurstöður eigi að verða um einstök atriði, t.d. málshöfðunarrétt tiltekins hlutfalls alþingismanna. Telur nefndin mun heppilegra að fela réttarfarsnefnd þetta verkefni og þá án þess að láta fyrirmæli um niðurstöður í einstökum greinum fylgja erindisbréfi til hennar.

Laganefnd bendir á að hugsanlega þurfi að líta til fleiri þátta við slíka endurskoðun en gerðir eru að umtalsefni í þingsályktunartillögunni, t.d. hvort ákvæði mannréttindaákvæða stjórnarskrár Lýðveldisins og/eða Mannréttinasáttmála Evrópu geti haft eða eigi að hafa áhrif á efni lagareglna á þessu sviði. Laganefnd telur a. m. k. framandi þær hugleiðingar flutningsmanna tillögunnar að alþingismenn eða Alþingi geti bæði átt aðild að rekstri máls á grundvelli slíkra laga og skipað mann eða menn til setu í þeim dómstól sem mál fær til meðferðar.

Í 2. mgr. 1. gr. laga nr. 4/1963 um ráðherraábyrgð er tekið fram, að ákvæði almennra hegningarlaga um brot í opinberu starfi taki einnig til ráðherra eftir því sem við getur átt. Í öðrum greinum laga nr. 4/1963 er hins vegar fjallað um ýmsa háttsemi, sem ekki varðar við almenn hegningarlög en getur varðar ráðherra viðurlögum samkvæmt lögnum. Til þess að þeirri ábyrgð verði fram komið verður að fara með málið fyrir landsdóm, sbr. 1. gr. laga nr. 3/1963.

Þar sem landsdómi er aðeins ætlað að fara með og dæma í málum sem Alþingi ákveður að höfða gegn ráðherrum út af embættisrekstri þeirra telur laganefnd nánast

sjálfgefið að hagkvæmt væri fela einni og sömu nefndinni það verkefni að endurskoða báða þessa lagabálka, verði af stað farið á annað borð.

Virðingarfyllst,
f.h. laganefndar Lögmannafélags Íslands

Jakob R. Möller, hrl.
formaður